

Nd.

## 23. Frumvarp til laga

[23. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám laga um lagagildi hans.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ásmundur Sigurðsson, Sigurður Guðnason,  
Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

### 1. gr.

Ríkisstjórn Íslands skal tilkynna ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins, þegar eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi, að Ísland hafi ákveðið að segja varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna upp með tilskildum fyrirvara og endurskoðun sé aðeins formsatriði. Sex mánuðum eftir þá tilkynningu til nefnds ráðs skal ríkisstjórnin tilkynna stjórn Bandaríkja Norður-Ameríku uppsögn samningsins og sjá svo um, að tólf mánuðum eftir það hafi Bandaríkin flutt allt sitt lið af landi brott.

### 2. gr.

Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. des. 1951, falla úr gildi, um leið og varnarsamningurinn fellur niður samkvæmt 1. gr.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð: „Síðan „varnarsamningurinn“ milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður, hinn 5. maí 1951, og Ísland var aftur hernumið af amerískum her, eru nú liðin tvö og hálf ár.

Höfuðástæður þess, að flm. þessa frv. telja fullkomlega tímabært að segja honum upp, eru þessar:

I. Það hefur sýnt sig, að sá ótti, sem kann að hafa verið ríkjandi í hugum allmargra þingmanna, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni og hernáminu, sem henni fylgdi, um, að ný heimsstyrjöld og vopnuð árás á Ísland væri alveg yfirvofandi á hverri stundu, var ástæðulaus með öllu, heilaspuni einn og blekking, sem

viss öfl höfðu reynt að ala á og koma inn hjá þingmönnum, er voru kallaðir saman til leynifunda til þess að samþykkja hernámið að þjóðinni forspurðri, þvert ofan í stjórnarskrá landsins og þvert ofan í allar þær yfirlýsingar, sem þjóðinni voru gefnar 1949 og áður, um, að aldrei skyldi koma til hersetu á Íslandi á friðartímum.

Það er því ljóst nú, að samningurinn var gerður á fölskum forsendum. Þingmenn voru fengnir til að samþykkja hann með blekkingum um yfirvofandi heimstyrjöld, sem ekki hefur komið og er nú ólíklegri en nokkru sinni fyrr vegna sívaxandi máttar og áhrifa friðaraflanna í heiminum.

II. Það hefur sýnt sig svo átakanlega, að því þarf ekki að lýsa, að sá ægilegi háski, sem sjálfstæði þjóðarinnar, íslenzkri menningu og tungu og siðferði upp-  
vaxandi æskulýðs er búinn af hernámi Íslands af hálfu erlends stórveldis og setu þúsunda erlendra hermanna rétt við bæjardyr höfuðborgarinnar og í henni sjálfri, er jafnvel miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir, áður en hið nýja hernám hófst fyrir hálfu öðru ári.

III. Samningurinn sjálfur og viðbótarsamningur sá, sem honum fylgdi, hefur verið vanefndur og þverbrotinn af hálfu hins erlenda samningsaðila, Bandaríkjanna. Í honum og málamyndaákvæðum hans hefur ekki reynzt neitt hald gegn þeim hættum, sem af herasetunni stafa.

Bandaríkin lofuðu því hátiðlega í samningnum sjálfum að framkvæma skyldur sínar samkvæmt honum þannig að stuðla svo sem frekast mætti verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar og hafa ávallt í huga, hve fámennir Íslendingar eru. Og enn tremur lofuðu þeir, að ekkert ákvæði samningsins skyldi skýrt þannig, að það raskaði úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum (8. gr. samningsins).

Þessi loforð hafa verið efnd þannig, að íslenzkir menn og konur geta ekki lengur verið örugg fyrir árásum, líkamsmeiðingum og nauðgunartilraunum amerískra hermanna á opinberum skemmtistöðum, á götum úti eða jafnvel í hóbólum sínum.

Bandaríkin sýna tillitssemi sína til fámennis Íslendinga með þeim hætti að láta þúsundir hermanna flæða yfir Reykjavík á nótt sem degi, stórauka húsnæðisvand-  
ræðin þar með því að yfirkaupa leiguhúsnæði handa yfirmönnum hersins, sem þykir þægilegra að búa hér með fjölskyldur sínar en á Keflavíkurflugvelli, taka heillar hæðir íbúðarhúsa eða heil hús á leigu fyrir einkaskemmtistaði hermanna og ólífnaðarbæli og koma þannig því óorði á höfuðborg Íslands úti um heim, að spilling og ólífnaður sé hér meiri en dæmi séu til, þar sem verst er í stórborgum (sbr. ummæli ameríska herprestsins á Keflavíkurflugvelli í viðtali við erlent blað).

Í 4. gr. viðbótarsamningsins um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra er ákveðið, að hermenn í hernámliðinu skuli vera einkennisklæddir.

Þetta ákvæði hefur verið þverbrotið af sjálfri yfirstjórn hernámliðsins, beinlínis í þeim tilgangi að auka varnarleysi og öryggisleysi Íslendinga fyrir hættum hernámsins.

Þegar allt framferði hernámliðsins og yfirgangur hér í bænum keyrði svo úr hófi, að það hafði vakið réttmæta reiði og fordæmingu alls almennings í landinu og alveg sérstaklega reykviskra borgara, sem urðu að horfa upp á það og þola daglega, greip herstjórnin sjálf til þess ráðs að birta auglýsingu í aðalstöðvum hersins þess efnis, að hermenn skyldu afklæðast einkennisbúningum sínum á ferðum sínum í Reykjavík.

Þetta tiltæki herstjórnarinnar hér mun vera algert einsdæmi og ekki eiga sér nein fordæmi jafnvel þar, sem amerískt hernámlið dvelur í sigruðum löndum, en það er alkunn staðreynd, að amerískir hermenn eru alls staðar óvinsælir og illa liðnir, hvar sem þeir dveljast utan heimalands síns, og hafa alls staðar fulla ástæðu til að dylja einkenni hers síns og þjóðernis. En hér á að heita svo, að þeir dveljist samkvæmt gerðum samningi við varnarlausu smáþjóð, allsendis óvana hermennsku og vopnaburði. Í samninginn vantar að visu öll skýr ákvæði til verndar Íslendingum sjálfum í viðskiptum þeirra við hernámliðið, og var rækilega bent á það af

sóssíalistum í umræðum um samninginn hér á Alþingi. En þegar samningsákvæði eins og það, að hermenn í hernumdu landi skuli bera einkennishúning hersins til aðgreiningar frá innlendum mönnum, er jafnvel þverbrotið opinberlega af yfirstjórn hersins, einmitt þegar það er orðin krafa alþjóðar, að reglur séu settar til að reisa rönd við spillingaráhrifum, sem af hernum stafa, þá er það augljóst, að í slíkum samningi er engin vörn eða vernd og að hann er óþolandi, enda hefur því meira að segja verið haldið fram af þeim, sem lengst ganga í þjónustuseminni, — Alþýðublaðinu og utanríkisráðherranum, — að engin íslensk lög séu til og engin lög heldur hægt að setja(!), sem reisi fullnægjandi skorður við flakki óeinkennisbúinna amerískra dáta utan samningssvæðanna svokölluðu, t. d. í höfuðstað Íslands.

En sú vörn er þó til, eftir að öll þjóðin hefur fordæmt framkomu hernámsliðsins og reynslan hefur fært henni heim sanninn um hina geigvænlegu hættu af dvöl þess hér á landi og þá ómótmælanlegu staðreynd, að hún er jafnþörf sem hún er háskaleg, að segja upp þessum samningi, sem gerður var á fölskum forsendum, með blekkingum og í blekkingaskyni, en auk þess hefur reynzt gersamlega haldlaus gagnvart hinum erlenda samningsaðila.

Sá samningsaðili, Bandaríki Norður-Ameríku, hefur nú sýnt Íslendingum það með framkvæmd fjögurra milliríkjasamninga, hvernig hann heldur gefin loforð og gerða samninga við eina af minnstu og varnarlausustu þjóðum heimsins:

I. Í hvervendarsamningnum frá 1941 lofuðu Bandaríkin að hverfa burt frá Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó þegar að ófriðnum loknum.

Bandaríkin sviku þetta hátiðlega loforð, neituðu að hverfa burt héðan með her sinn og kröfðust árið 1945 herstöðva á Íslandi til 100 ára.

II. Þau neituðu að falla frá herstöðvakröfunum og fengu Keflavíkursamninginn árið 1946. Hver einasta grein þess samnings, sem til framkvæmda gat komið, var þverbrotin þau 5 ár, sem hann gildi.

III. Árið 1949, þegar Ísland var tekið í Atlantshafsbandalagið, gaf utanríkisráðherra Bandaríkjanna út hátiðlega yfirlýsingu „í embættisnafni fyrir hönd Bandaríkjanna og fyrir hönd allra bandalagsþjóðanna“, þess efnis, að „það skyldi aldrei koma til mála, að fram á það yrði farið við Íslendinga að hafa erlendar herstöðvar á Íslandi á friðartímum“. Þannig orðað flutti utanríkisráðherra Íslands (einnig í embættisnafni) þetta hátiðlega loforð Bandaríkjanna til Alþingis og íslensku þjóðarinnar, þegar verið var að fá okkur í Atlantshafsbandalagið í marz 1949.

Þetta loforð, sem auðvitað átti að hafa samningsgildi og var samningur í sjálfu sér, var haldið svo, að í maí 1951 var herstöðvanna krafizt og þær teknar.

IV. Um það var gerður „varnarsamningurinn“, sem nú er í gildi og hefur verið haldinn svo sem alþjóð er kunnugt og nokkuð hefur verið drepit á hér að framan.

Þessi er reynsla Íslendinga af samningum við Bandaríkin.

Það er grundvallaratriði, sem allir milliríkjasamningar og allur þjóðaréttur byggist á, að „samninga ber að halda“.

Þetta grundvallaratriði og þessi forsenda allra ríkjasamninga hefur sannanlega brostið í öllum hinum þýðingarmestu samningaviðskiptum Íslands og Bandaríkjanna, eins og hér hefur verið sýnt, og er Íslendingum auðvelt að sanna þetta fyrir öllum heimi, hvenær sem er.

Efndir þeirra fjögurra samninga, sem hér er minnt á, sýna, að Bandaríkin hafa ekki hirt um að halda orð eða anda þeirra samninga, sem þeir hafa gert við Ísland.

Framkvæmd þessa samnings sýnir þó allra skýrast, að það er ekki vernd eða öryggi Íslendinga sem smáþjóðar, sem fyrir þeim vakir, heldur hernám Íslands í anda amerískrar hernaðarstefnu og vegna hernaðarþarfa Bandaríkjanna án minnsta tillits til smæðar og veikrar aðstöðu íslensku þjóðarinnar. Með öðrum orðum, það er framkvæmd hinna ógrímuklæddu herstöðvakrafna frá 1945 og ekkert annað.

Það var ekki vilji eða tilætlan íslensku þjóðarinnar 1945 né 1951. Þess vegna ber að segja þessum samningi upp þegar í stað.“

Frumvarp þetta var, sem fyrir segir, flutt á síðasta þingi, en stjórnarflokkarnir

hindruðu þá, að það kæmist til nefndar. Er það nú flutt aftur, til þess að það komi í ljós, hvort hið nýja þing hefur lært betur en hið gamla af reynslunni og vill taka meira tillit til vilja þjóðarinnar.

Allar þær ástæður, sem fram eru færðar í ofanritaðri greinargerð fyrir því, að segja beri upp hernámssamningnum frá 1951, hafa síðan verið staðfestar og undirstrikaðar af reynslunni og rás viðburðanna innanlands og utan.

Í heimsstjórnsmálum hefur það gerzt meðal annars síðan 1951, að Kóreustyrjöldin er úr sögunni og að aðalforustumenn þriggja mestu stórvelda heimsins, Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands, hafa allir lýst því yfir, að ekkert það deilumál sé til, sem ekki sé unnt að leysa með friðsamlegum samningum. Hvar í heiminum mundi nú finnast sá ábyrgur stjórnmalamaður, sem telur það líklegra, að á næstu mánuðum eða misserum brjótist út allsherjar heimsstyrjöld, heldur en hitt, að aðalforustumenn stórveldanna setjist að samningaborði til þess að leysa deilumálin og tryggja heiminum öruggan frið á næstu árum, eins og forsætisráðherra Bretlands hefur opinberlega krafizt?

Í málefnum Atlantshafsbandalagsins hafa margir atburðir gerzt, sem gera það lausara í reipum en áður var og sýna, að það ofurvald, sem Bandaríkin hafa haft innan þess og yfir bandamönnum sínum yfirleitt, er nú úr sögunni. Þær tvær smáþjóðir, sem Íslendingar eru skyldastir innan þessa bandalags, Norðmenn og Danir, hafa báðar ákveðið hafnað eindregnum kröfum Bandaríkjanna um herstöðvar með þeim rökum, að nú séu friðartímar og sívaxandi friðarhorfur, enda hræði spörin frá Íslandi, reynslan af hernámi Íslands sýni, að herseta Bandaríkjanna í öðru ríki Atlantshafsbandalagsins sé því sjálfu enginn styrkur, heldur öfugt.

Og hvað hefur gerzt, og hvað er að gerast með íslenzku þjóðinni, á sama tíma og danskir og norskir talsmenn Atlantshafsbandalagsins haga orðum sínum og gerðum með þessum hætti, vara þjóðir sínar við amerískri hersetu með reynsluna frá Íslandi fyrir augum? Hverjir eru þeir íslenzkir stjórnmalamenn, sem nú treystast til að staðhæfa, að forsendan, sem þeir töldu vera fyrir hernámssamningnum 1951, yfirvofandi heimsstyrjöld og árás á Ísland á hverri stundu, sé til enn í dag?

En ef forsendan er brostin eða var aldrei til, ef nú eru friðartímar og vaxandi friðarhorfur þrátt fyrir allt, eins og Danir og Norðmenn telja og leggja til grundvallar neitun sinni við amerískum herstöðvum, hver eru þá rökun fyrir því að halda áfram samningsbundnu hernámi Íslands á friðartímum lengur en samningurinn um það gerir nauðsynlegt? Samkvæmt ákvæðum hans er hægt að losna við hernámið innan eins og hálfes árs. Hverjir vilja ekki vera lausir og óbundnir við hernám landsins þá, ef friðarhorfur halda áfram að aukast?

Það er nú svo komið, að þeir flokkar allir, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni 1951 og munu ávallt bera þá ábyrgð frammi fyrir dómstóli sögunnar, eru nú á undanhaldi í málflutningi sínum og varnir þeirra fyrir áframhaldandi hernámi landsins allar á ringulreið. Sá utanríkisráðherra, sem samninginn gerði og ber sérstaka ábyrgð á honum, hefur orðið að hrökklast frá því embætti. „Varnarmálanefnd“ sú, sem hann skipaði sér til aðstoðar, hefur farið sömu leiðina.

Sá flokkur, sem hafði stjórnarforustu, er samningurinn var gerður, og virtist ekkert hafa að athuga við samninginn og framkvæmd hans hátt á annað ár, sá sér þann kost vænstan, er að því kom að verja hvort tveggja fyrir dómstóli kjósendanna, að snúast til harðrar gagnrýni á allri framkvæmd samningsins og hefur nú falið nýjum utanríkisráðherra að freista þess að ráða einhverja bót á henni, um leið og blað hans krefst endurskoðunar samningsins í heild, og viðurkennir þar með, að samningurinn sjálfur sé óhæfur grundvöllur til að byggja á til frambúðar.

En þegar rætt er um endurskoðun samningsins, verða þeir, sem vilja varast nýjar blekkingar, að gera sér ljóst, að aðeins er um tvennt að gera: áframhaldandi hernám Íslands af hálfu Bandaríkjanna eða ekki. Áframhaldandi hernám með endurskoðuðum og endurnýjuðum hernámssamningi mundi þýða hernám Íslands um ófyrirsjáanlega langan aldur.

Þeir, sem ekki óska að tilkynna Bandaríkjunum það beinlínis fyrir fram, að Íslendingar séu nú, þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar, reiðubúnir til þess að veita þeim herstöðvar hér á landi um langa framtíð á friðartímum og við sívaxandi friðarhorfur, t. d. jafnvel þótt samningar tækjust á næstu mánuðum milli stórveldanna, sem tryggðu öruggan frið um langa hríð, hljóta því nú að vera því fylgjandi, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að samningurinn frá 1951, sem gerir ráð fyrir setu amerískis herliðs á Íslandi á friðartímum, falli niður, en það er aðeins hægt að gera ótvírætt með því, að Alþingi samþykki uppsögn hans með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., með tilliti til þess, hvornig um hnútana var búíð, er honum var á sínum tíma veitt lagagildi á Íslandi.